THE GLOBAL LEADERSHIP SUMMIT

# *Hannaðu framtíð þína*

**RÁÐSTEFNUBÓK**

*Kæri leiðtogi,*

*Það gleður okkur* **AÐ TAKA Á MÓTI ÞÉR Á GLS-RÁÐSTEFNUNNI.**

*Dragðu djúpt andann.*

**VELTU ÞESSU FYRIR ÞÉR:** *hvernig liti framtíð þín út ef þú gætir hannað hana?*



**Á NÆSTU KLUKKUSTUNDUM SKALTU GEFA ÞÉR LEYFI** *til að anda og láta þig dreyma.*

**ÞÚ HEFUR TEKIÐ FRÁ TÍMA TIL AÐ FJÁRFESTA Í FRAMTÍÐ ÞINNI.**
*Nýttu hann vel.*

*Gæðum framtíðina lífi.*

David Ashcraft
Forseti og framkvæmdastjóri
**Global Leadership Network**



# DAGSKRÁ #GLS24



**Craig Groeschel**



**Molly Fletcher**



**Jo Saxton**



**Erwin Raphael McManus**



Kynnir



**SVEINN ÞRÁINN GUÐMUNDSSON**

Fjármálaverkfræðingur- og ráðgjafi hjá Deloitte





**Will Guidara**

**Arthur C. Brooks**



**Guðni Már Harðarson**

Kynnir



**GUNNHILDUR STELLA PÁLMARSDÓTTIR (GUNNA STELLA)**
Fjölskyldufræðingur, heilsumarkþjálfi, kennari og rithöfundur



*"Leiðtogar færa fólki* **VON**."

**—NAPOLEON BONAPARTE**



**DEILDU LEIÐTOGAINNBLÆSTRI ÞÍNUM OG -SÖGUM Á SAMFÉLAGSMIÐLUM: #GLS24 @GLNI.ME**



## Craig Groeschel

Stofnandi og aðalprestur Life.Church, metsöluhöfundur

- https://x.com/craiggroeschel
- https://www.instagram.com/craiggroeschel
- https://www.facebook.com/craiggroeschel
- https://www.linkedin.com/company/craiggroeschel/

## Um Craig

Craig Groeschel er þekktur á heimsvísu sem leiðtogi meðal leiðtoga. Hann er stofnandi og aðalprestur kirkjunnar Life.Church, sem var útnefnd tvö ár í röð undir hans stjórn af GlassDoor sem besti vinnustaðurinn. Life.Church er þekkt fyrir að nýta nýjustu tækni í boðun sinni og bjó m.a. til YouVersion-biblíuappið, sem sótt hefur verið yfir 500 milljón sinnum um allan heim. Groeschel stjórnar vinsæla hlaðvarpinu „Craig Groeschel Leadership Podcast“. Hann er New York Times-metsöluhöfundur en nýjasta bók hans heitir „Think Ahead: 7 Decisions You Can Make Today for the God-Honoring Life You Want Tomorrow“.

# LEYFI TIL AÐ VERÐA GAGNTEKIN

Allt sem er í kringum okkur vill steypa okkur í sama mót, ýta okkur í átt að meðallaginu. Við lærum að stefna á meðalmennsku. Umhverfi okkar reynir að draga úr því sem gagntekur okkur. En hvað ef það er að tala okkur ofan af því að nýta einn okkar mestu styrkleika? Craig Groeschel skorar á okkur að hugsa á nýjan hátt um það sem gagntekur okkur og byrja að nýta það til þess að lifa betra lífi og ná yfirburðum. Í þessum fyrirlestri heyrum við um þrennt við það að láta réttu hlutina gagntaka okkur sem getur aukið áhrif okkar.

### YFIRLIT

- Fljótlegasta leiðin til meðalmennsku
- Leyfi til að verða gagntekin
  - » Einstakur fókus
  - » Mikil umhyggja
  - » Algjör skuldbinding
- Finndu HVAL (heilshugar verkefni alls lífsins)
- Finndu það sem gagntekur þig

# Craig Groeschel

*„Umhverfi okkar reynir að draga úr því sem gagntekur okkur. En hvað ef það er að tala okkur ofan af því að nýta einn okkar mesta styrkleika?“*

**—CRAIG GROESCHEL**

# UMRÆÐUSPURNINGAR

1. **GAGNTEKIN AF RÉTTU HLUTUNUM:** Craig stingur upp á þremur lykilsvæðum sem leiðtogar geta leyft sér að verða gagnteknir af. Hvert þessara þriggja svæða átt þú erfiðast með?

2. **LISTI YFIR ÞAÐ SEM VIÐ GERUM EKKI:** Samkvæmt Craig eru það ekki uppteknir leiðtogar sem breyta heiminum, heldur leiðtogar með fókus. Eitt af því andlegasta sem leiðtogar geta gert er að læra að segja „Nei“ og búa til lista yfir það sem þeir ætla ekki að gera. Hvað þarf að fara á listann þinn?

**Það sem ég ætla ekki að gera**

☐

☐

☐

☐

☐

3. **HEFUR ÞÚ FUNDIÐ ÞÉR HVAL?** Ef þú ert ekki viss skaltu velta því aðeins fyrir þér og sjá hvað þér dettur í hug.

4. **VELDU AÐ GRÍPA TÆKIFÆRIÐ:** Hvaða ástríðu, sem er sem stendur innan skynsamlegra marka, gætir þú leyft að gagntaka þig? Hvaða skref gætir þú tekið til að taka hana lengra?

# Craig Groeschel

## VIÐ GEFUM YKKUR LEYFI TIL AÐ VERÐA GAGNTEKIN.

Hvaða ástríðu hefur þú fram að færa?



1 NORMAL is BORING
2 GREATNESS BORN in the EXTREMES
What do you LOVE
WHAT BREAKS YOUR ♥
What drives you CRAZY?
talking to the LEADERS...
PERMISSION to OBSESS
SOCIETY CONDITIONS US FOR CONFORMITY... MEDIOCRITY and AVERAGE
AVERAGE NEVER CHANGED the WORLD
WHOLE HEARTED ALL ENCOMPASSING LIFE ENDEAVOR
Craig GROESCHEL
1 FOCUS
NO NO
BUSY IS NORMAL NOT WORLD CHANGING
FOCUS IS NO NO
to DON'T LIST
Nehemiah was doing a great work "I CAN'T COME DOWN"
2 CARE DEEPLY
your people matter...
APPRECIATE more
OBSESS about ENCOURAGEMENT
3 COMMIT COMPLETELY
INVOLVED
COMMITTED
level 10 attracts more 10s
GLS 2024 DESIGN YOUR TOMORROW
@catherinetillydesign

# GRANDER VISION
# SÖGUR

Leiðtogar sjá eitthvað sem aðrir sjá ekki. Þeir sjá fyrir sér nýja, betri og stærri framtíð. Þessar sögur skora á okkur að endurskoða hugmyndir okkar um það sem er mögulegt.



## Dražen Glavaš
**Samskiptafræðingur, siðfræðikennari, ráðgjafi**

Dražan hafði sýn til að efla leiðtoga í landinu sínu, Króatíu. Hann leitaði leiða til að efla sitt fólk til áhrifa í sínu umhverfi.



## Lynn Muir
**Einn stofnenda Railyard Pie Company**

Lynn Muir á dýrmætar æskuminningar um bökur í eldhúsinu hjá Mae, ömmu sinni. Þessar minningar urðu kveikjan að því hvernig hún sér nú fyrir fjölskyldu sinni og þjónar samfélagi sínu.



## Lazarus Chakwera
**Forseti Malaví**

Þegar Lazarus Chakwera var að alast upp í litlu þorpi fyrir utan höfuðborgina Lilongwe hafði hann hjarta fyrir því að deila ást sinni á Jesú. Hugsjón hans fyrir betra lífi í landi sínu varð til þess að þessi prestur varð forseti landsins.





# Hver er leiðtogasaga þín?

Hvað hefur hvatt þig áfram á vegferð þinni? Hvernig leitast þú við að hanna betri framtíð?

***Segðu þína sögu til að veita öðrum innblástur á vegferðinni!***

## DEILDU Á SAMFÉLAGSMIÐLUM:

**#GLS24 @glni.me**

## FARÐU Á:

**glni.org/stories**

## EÐA SENDU TÖLVUPÓST Á:

**glni@globalleadership.org**



Veittu öðrum innblástur

# Frelsunarhreyfing Guðs

*Sæktu þetta ÓKEYPIS verkfæri fyrir presta!*

CHA20063_0524 © 2024 World Vision, Inc.

World Vision er kristileg mannúðarstofnun sem beitir sér fyrir því að hjálpa börnum, fjölskyldum og samfélögum þeirra um allan heim með því að berjast gegn fátæktinni og óréttlætinu sem halda aftur af þeim. Trú okkar á Jesú Krist knýr okkur áfram í starfi okkar með fátækum og kúguðum til að sýna skilyrðislausan kærleik Guðs til alls mannkyns.

Við þurfum innblásna leiðtoga í öllum heimshornum, sérstaklega á viðkvæmustu og berskjölduðustu svæðunum. Nú er rétti tíminn til að taka þátt í frelsunarhreyfingu Guðs og stuðla að lífi, réttlæti og frelsi fyrir alla.

World Vision og Global Leadership Network hafa sömu ástríðu og þú fyrir kirkjunni og framgangi ríkis Guðs. Nú getur þú sótt ÓKEYPIS efni um þekkta leiðtoga úr sögu Biblíunnar sem tóku þátt í frelsunarverki Guðs. Í þessu sjálfsnámskeiði lærir þú um það hvernig Guð notar venjulegt fólk til að koma af stað miklum frelsunarhreyfingum. Sæktu The Liberating Move of God núna með því að skanna QR-kóðann hér fyrir neðan!

Þetta fjögurra vikna námskeið er hannað til þess að veita leiðtogum eins og þér innblástur til þess að vinna að framgangi ríkis Guðs. Þegar þú sækir efnið færð þú aðgang að öllu námsefninu, m.a.:

- Kennslu frá Danielle Strickland og Susie Gamez
- Vikulegri andlegri kennslu undir leiðsögn Bette Lynn Dickinson
- Viðtölum við fólk á vegferð í átt að frelsi, friði og eftirfylgni við stærri tilgang Guðs, þ.á.m. fólk sem vinnur að verkefnum World Vision um allan heim
- Daglegu rými til að lesa og íhuga ritninguna

**EINNIG >** Lærðu af leiðtogum, prestum og höfundum eins og Asuntha Charles, Heidi Quay, Jeanne Stevens, Tiffany Bluhm, Noemi Chavez, Jo Saxton, Mike Frost o.fl.

**SKANNAÐU TIL AÐ SÆKJA** ***The Liberating Move of God.***



*Danielle Strickland*




World Vision





## Molly Fletcher

Fyrrverandi íþróttaumboðsmaður, hlaðvarpsþáttastjórnandi, metsöluhöfundur

https://x.com/MollyFletcher
https://www.instagram.com/mollywfletcher
https://www.facebook.com/mollyfletcher
https://www.linkedin.com/in/mollyfletcher1/

## Um Molly

Molly Fletcher steig fyrst fram á sjónarsviðið sem einn fyrsti kveníþróttaumboðsmaðurinn. Á tæplega tveggja áratuga ferli sínum sem forstjóri CSE gerði hún samninga að andvirði yfir 500 milljóna dollara og var umboðsmaður yfir 300 stærstu íþróttastjarnanna, m.a. Hall of Fame-hafnarboltakastarans John Smoltz, PGA Tour-golfkylfingsins Matt Kuchar, leiklýsandans Erin Andrews og körfuboltaþjálfaranna Tom Izzo og Doc Rivers. Í dag er hún á lista yfir 50 fremstu fyrirlesara í heimi og TED Talk-fyrirlesturinn hennar „Secrets of a Champion Mindset“ hefur fengið yfir milljón áhorfa. Hún stýrir hlaðvarpinu „Game Changers with Molly Fletcher“, þar sem hún tekur viðtöl við sérfræðinga og þekkta einstaklinga af öllum sviðum samfélagsins. Fletcher er stofnandi Game Changer Performance Group-þjálfunarfyrirtæksins og höfundur fimm bóka, næstnýjasta bók hennar heitir „The Energy Clock“ og sú nýjasta er „Dynamic Drive“, sem kom út í september 2024.

## DÝNAMÍSKUR DRIFKRAFTUR

**Allir leiðtogar vita að það þarf ofboðslegan drifkraft til að ná árangri. En hvað kostar hann? Heimurinn einblínir á hverfula viðurkenningu en Molly Fletcher, þekktur leiðtogasérfræðingur, talar um djarfa aðferð við að ná meiri lífsfyllingu með því að finna hvar í lífinu við erum að hugsa of smátt eða öruggt. Við lærum þaulreynda formúlu við að ná fram meiri árangri á öllum sviðum lífsins og setja tilganginn í fyrsta sæti. Þannig öðlumst við nýja vitund um tilgang okkar, aukna forvitni og meiri orku.**

### YFIRLIT

- Dýnamískur drifkraftur
- Tilgangur
- Forvitni
- Orka
- Dirfska

## Molly Fletcher

> *„Við finnum ekki sanna lífsfyllingu í hverfulum viðurkenningum heldur á langvarandi ferðalagi vaxtar og framfara.“*
>
> **—MOLLY FLETCHER**

# UMRÆÐUSPURNINGAR

1. **VERUM FORVITIN:** Molly kennir okkur að þegar við viljum taka framförum þurfum við að nýta forvitni okkar til að forða okkur frá værukærð. Hvernig hefur þú verið værukær, hvort sem það var nýlega eða í fortíðinni? Hvað hefur vakið forvitni þína nýlega? Hverju hleypur þú á eftir?

2. **ORKUSKOÐUN:** Molly talar um það þegar hún var með skjólstæðing sem tók svo mikla orku frá henni að það það dró úr getu hennar til að vera til staðar, ekki bara fyrir hina skjólstæðinga sína, heldur fjölskyldu sína. Samkvæmt Molly er þetta ein mikilvægasta spurning sem við getum spurt okkur sem leiðtogar: hvert ætla ég að beina orku minni?

| *Hvert hefur þú beint meirihluta orku þinnar?* | *Hvert ætlar þú að beina orku þinni í framtíðinni? Hvað þarf að breytast?* |
|---|---|
| | |
| | |
| | |

3. **JAFNVÆGISSKOÐUN:** Molly leggur til að við skoðum hvaða hlutfall orku okkar og tíma fer í það allra mikilvægasta. Er skekkja í einhverjum af þessum dálkum hjá þér? Íhugaðu hvernig þú getir lagað hana.

| *Fimm mikilvægustu atriði/ manneskjur/sambönd þín* | *Mikilvægiseinkunn (á skalanum 1-10)* | *Hversu mikill hluti orku þinnar fer í þau (á skalanum 1-10)?* |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

4. **VELDU AÐ GRÍPA TÆKIFÆRIÐ:** Veldu eitt atriði úr fyrirlestri Molly – tilgang, forvitni, orku eða dirfsku – og einsettu þér að nýta það til að byrja að leysa möguleika þína úr læðingi.

# Molly Fletcher

## ENDURSKILGREINUM DRIFKRAFT.

**Hvaða skref þarft þú að taka til að setja tilgang þinn í fyrsta sæti?**


a FRONT ROW SEAT to PEAK PERFORMANCE...
not about TALENT
IT'S REALLY ABOUT
DYNAMIC DRIVE
GREAT LEADERS MANAGE ENERGY aligned with PURPOSE
GOOD LEADERS MANAGE TIME
ALIGNMENT AUDIT
10 MOST IMPORTANT THINGS
RATE THEM 1-10
RATE ENERGY 1-10
HOW MUCH ENERGY GAP?
Where is the GAP?
RE-ALIGNMENT
NOT WHAT I AM ACHIEVING BUT WHAT I AM
BECOMING
GLS 2024 DESIGN YOUR TOMORROW
@catherinetillydesign
PURPOSE instead of ACHIEVEMENT
CURIOSITY creates CHANCES
EAT SOME GRAPES and take a road trip
PIZZA and TENNIS TIPS
RENT FREE
molly FLETCHER

# *Vilt þú veita efnaminni leiðtoga úrræði?*







Við lifum í brotnum heimi sem glímir við ótal vandamál. Við trúum því að ein besta aðferðin við að takast á við bæði svæðisbundin og alþjóðleg vandamál sé að reisa upp nýja leiðtoga: í kirkjum, stofnunum, samfélögum og öllum heimshornum.

Þú ert meðal þeirra tæplega 250.000 einstaklinga sem fá að taka þátt í GLS-ráðstefnunni. Margir eru ekki færir um að koma á hana en þú getur breytt því. Þú getur styrkt efnaminni leiðtoga til þátttöku í GLS-ráðstefnunni.

**Værir þú, ef ráðstefnan hefur haft jákvæð áhrif á þig sem leiðtogi, til í að gefa einhverjum öðrum sama tækifæri?**

## Árið 2023 hafa rausnarlegar gjafir þátttakenda gert okkur kleift að:

- Þýða og halda GLS-viðburði í 110 löndum
- Halda GLS hjá 300 fangelsum, athvörfum og góðgerðarstofnunum
- Setja af stað Women Leaders Network í 22 löndum
- Veita 75.405 leiðtogum af næstu kynslóð leiðtogaþjálfun

**SKANNAÐU TIL AÐ GEFA NÚNA!**

*Gjöf þín er dulkóðuð og send á öruggan hátt.*

**www.klik.is/events/gls**

Global Leadership Network
INTERNATIONAL




# Vertu í sambandi við samfélag Global Leadership Network um allan heim.

**KÍKTU Á glni.org**

Kíktu á síðuna okkar, glni.org, og fylgdu okkur á samfélagsmiðlum á glni.me til að fylgjast með áhrifum, aðalatriðum og sögum Global Leadership Network um allan heim.

- *Taktu þátt í og settu þig í samband* við alþjóðatengslanet GLN
- *Njóttu* aðalatriða, vitnisburða og áhrifasagna um það hvernig GLN veitir leiðtogum innblástur og aðföng til að hafa jákvæð áhrif.
- *Vertu með* í hópi leiðtoga sem hafa ástríðu fyrir því að stuðla að breytingum þar sem þeir eru.

**FYLGDU OKKUR @glni.me**











## Jo Saxton

Stofnandi Ezer Collective, framkvæmdastjóri The 25, hlaðvarpsstjórnandi, höfundur

- https://www.instagram.com/josaxton
- https://www.facebook.com/1josaxton
- https://www.linkedin.com/in/josaxton

## Um Jo

Jo Saxton er stofnandi Ezer Collective, verkefnis sem gengur út á að fjárfesta í kvenleiðtogum um allan heim, gera þeim kleift að láta rödd sína heyrast og stíga af öryggi inn í köllun sína. Hún starfar nú sem framkvæmdastjóri The 25, leiðtogaþróunarstofnunar við Bethel-háskóla. Jo á nígeríska foreldra en fæddist í London á Englandi. Hún býr í Minneapolis og er einn stjórnanda hlaðvarpsins „The Lead Stories Podcast“, vikulegrar umræðu um hlutverk leiðtogans og lífið. Saxton hefur einnig skrifað nokkrar bækur en nýjasta bók hennar heitir „Ready to Rise“.

## AUKIN ÁHRIF MEÐ MÖGNUN TILGANGS OKKAR

Í starfi okkar sem leiðtogar gera aðrir okkur stundum eitthvað og stundum gerum við okkur eitthvað sjálf. Viðbrögð okkar við þessum aðstæðum ákvarða ekki aðeins líðan okkar heldur áhrif okkar. Jo Saxton fer yfir það hvernig viðbrögð okkar ákvarða framtíð okkar. Hún skilur eftir hjá okkur spurningar sem hjálpa okkur að finna blindsvæði okkar og skoða hvernig tilgangur okkar getur verið okkur leiðarljós á erfiðum tímum.

### YFIRLIT

- Að missa röddina
- Þrennt sem skaðar tilgang og rödd leiðtogans
  - Stress og álag
  - Áverkar
  - Kvíði
- Uppbygging meðferðaáætlunar

# Jo Saxton

*„Við getum ekki notað framkomu eða frammistöðu til að vinna okkur út úr því hversu brotin við erum, sama hvernig við reynum.“*

**—JO SAXTON**

# UMRÆÐUSPURNINGAR

1. **UMRÆÐUSPURNINGAR:** Haltu röddinni við: Hugsaðu um það þegar þú misstir rödd þína sem leiðtogi. Hvernig hafði það áhrif á þig líkamlega, tilfinningalega, tengslalega og andlega?

2. **ÞEKKTU HÆTTURNAR:** Jo nefnir þrjá mikilvæga áhrifaþætti í því þegar leiðtogar missa röddina. Hvernig hefur þetta þrennt haft áhrif á þig nýlega? Hvert þeirra glímir þú mest við?

3. **VELDU AÐ GRÍPA TÆKIFÆRIÐ:** Jo skrifar upp á fimm skrefa meðferðaráætlun til að viðhalda leiðtogarödd okkar: i) greina skaðann, ii) gefa tilgangi okkar endurbyggingarferli, iii) skoða umhverfi okkar og iv) stunda góða ávana sem græða okkur og skaða okkur ekki. Hvaða skref getur þú tekið til að virkja meðferðaráætlun þína?



*Náðu í meðferðaráætlun hér:*

*glni.org/JoSaxton2024*

## INNRA FERÐALAG LEIÐTOGANS ER FLÓKIÐ

**Í hvaða ávönum þarft þú að fjárfesta til að skapa nýjan raunveruleika?**


LOST YOUR VOICE?
NOT REALLY LOST but DAMAGED
VOCATION
what happens when we lose our PURPOSE and LEADERSHIP VOICE
AMPLIFY PURPOSE to ELEVATE IMPACT
WHY NO VOICE?
1 STRESS and FATIGUE
2 TRAUMA STOLEN VOICE BETRAYAL
3 INTERNAL STRUGGLES anxiety and depression
JO SAXTON
1 DIAGNOSE the DAMAGE
2 GIVE YOURSELF a PROCESS
3 EXAMINE your ENVIRONMENT
4 BUILD HEALTHY HABITS
MAKE a TREATMENT PLAN
GLS 2024 DESIGN YOUR TOMORROW
@catherinetillydesign





## Will Guidara

Gestrisnifrumkvöðull, veitingastjóri, metsöluhöfundur

https://x.com/wguidara
https://www.instagram.com/wguidara
https://www.linkedin.com/in/willguidara

## Um Will

Will Guidara er höfundur New York Times-metsölubókarinnar „Unreasonable Hospitality“, þar sem hann segir frá því sem hann hefur lært um það að þjóna og leiða á veitingaþjónustuferli sínum. Hann er fyrrverandi meðeigandi veitingastaðarins Eleven Madison Park, sem fékk undir hans stjórn fjórar stjörnur frá New York Times, þrjár Michelin-stjörnur og var árið 2017 í fyrsta sæti á World’s 50 Best Restaurants-listanum. Guidara er umsjónarmaður ráðstefnunnar Welcome Conference, árlegs gisti- og veitingaþjónustuþings þar sem fólk með sömu hugsjónir kemur saman til að deila hugmyndum og innblástri og mynda tengsl og samfélag. Hann útskrifaðist úr gisti- og veitingaþjónustuskólanum í Cornell-háskóla og hefur gefið út fjórar matreiðslubækur í samstarfi við aðra, komist á 40 Under 40-lista Crain’s New York Business og hlotið frumkvöðlaverðlaun WSJ Magazine.

## ÓHÓFLEG GESTRISNI

Nýtum okkur eina gildið sem fellur aldrei úr tísku: þrá fólks eftir því að einhver annist það. Gestrisni er lykilatriði hjá okkur öllum, sama í hvaða iðnaði við erum. Will Guidara hjálpar okkur að beisla kraft þess að gefa fólki meira en það á von á og skoða hvað felst í því að setja gestrisni í fyrsta sæti í menningu okkar, svo fólk upplifi að það sé séð og velkomið. Hann kennir okkur að flytja bæði hrós og gagnrýni á áhrifaríkan hátt og gera fólkinu okkar kleift að hugsa eins og eigendur.

### YFIRLIT

- Áhersla á gæði
- Daglegur forfundur
- Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi
- Ásetningur og innsæi
- Framleiðsla meira magns
- Allir vinna
- Þjónusta er göfug

*„Tískustraumar koma og fara en fólk hættir aldrei að þrá að einhver annist það.“*

—WILL GUIDARA

# UMRÆÐUSPURNINGAR

1. **ÁHERSLA Á GÆÐI FREKAR EN FULLKOMNUN:** Will valdi að leitast við að ná fram „óhóflegri gestrisni“ áður en hann skildi einu sinni almennilega hvað það þýddi en hann treysti því að það myndi skýrast með tímanum. Segðu frá því þegar þú byrjaðir að vinna að hugmynd áður en þú vissir einu sinni hvernig hún liti út eða hvað gæti falist í henni. Hvernig skýrðist hugmyndin með tímanum?

2. **NÝTTU SAMVERUSTUNDIRNAR:** Will lýsir því hvernig hann nýtti daglega „forfundinn“ til að vinna að markmiði sínu, óhóflegri gestrisni. Fyrir honum eru þessar reglulegu, síendurteknu samverustundir tækifæri leiðtogans til að standa upp og leiða fólk, veita innblástur, deila og hlusta. Hvernig væri hægt að fá sem mest út úr reglulegum fundum þinnar stofnunar eða þíns teymis til að komast skrefi lengra?

3. **ENDURTEKNING:** Vikum saman endurtók Will markmið sitt: að verða númer eitt í heiminum fyrir tilstilli óhóflegrar gestrisni. Hann segir að ef leiðtogi hafi trú á einhverju ætti hann að verða þreyttur á að heyra sjálfan sig tala um það. Um hvað þarf teymið þitt að heyra meira frá þér?

4. **HVETTU FÓLK TIL AÐ LÁTA Í SÉR HEYRA:** Samkvæmt Will voru tvö hlutverk hans sem leiðtogi (i) að vita hvert teymið stefndi og (ii) að bjóða teyminu að setjast niður með honum og finna út úr því hvað það þýddi. Hvernig gætir þú þurft að skýra fyrir teyminu þínu hvert þið stefnið? Hvernig getur þú boðið öðrum að stuðla að þessari stefnu og þessu markmiði?

5. **VELDU AÐ GRÍPA TÆKIFÆRIÐ:** Hvað er eitthvað eitt sem einkennist af „óhóflegri gestrisni“ sem þú gætir gert fyrir eina manneskju í vikunni?

## Will Guidara

**GESTRISNI ER LYKILATRIÐI HJÁ OKKUR ÖLLUM, SAMA Í HVAÐA IÐNAÐI VIÐ ERUM.**

Hvernig getur þú gefið fólki meira en það á von á?


RELENTLESS PURSUIT of Excellence
UNREASONABLE PURSUIT of MAKING PEOPLE FEEL GOOD
>> 50 BEST Restaurants...
PROFOUND DISAPPOINTMENT
ACCEPTANCE
ELEVEN MADISON PARK
UNREASONABLE HOSPITALITY
BUT HOW to GET to
when a hot dog is the best
1ST PLACE
HOSPITALITY TOOL KIT
the DREAM WEAVER
SLEDDING and WEDDINGS
MAGICAL EXPERIENCE
Feeling good
PATTERN RECOGNITION of RECURRING EVENTS
make a list
HOW to PURSUE IT? PRE-MEAL IT.
1 BE PRESENT and Listen
SLOW DOWN in order to SPEED UP
2 EMBRACE People AS THEY ARE
3 HOSPITALITY BESPOKE
one size fits one
Will GUIDARA
GLS 2024 DESIGN YOUR TOMORROW
@catherinetillydesign




# THE GLOBAL LEADERSHIP SUMMIT
## Next GEN

*Byltingarkennd leiðtogaupplifun sem ætlað er að auka færni nemenda á sviði leiðtogahæfni, trúar og lífsins. Þetta leiðtogaefni virkjar unga leiðtoga til þess að láta gott af sér leiða í samfélagi sínu og tengir þá við samfélag sem þeir geta dafnað í.*

*Inspire the next gen!*

**2023**
**45**
**LÖND**
**70 ÞÚS**
**UNGIR LEIÐTOGAR**

Í gegnum bæði efni sem er bæði flutt á staðnum og tekið upp fyrirfram fá þátttakendur að:

+ Heyra frá vinsælum fyrirlesurum
+ Taka þátt í hópumræðu
+ Finna lausnir á skapandi hátt
+ Leysa skemmtileg leiðtogaverkefni
+ Fá innblástur
+ Læra hagnýtar lexíur

GLS Next Gen

glsnextgen

glsnextgen.org









# Women Leaders Network

Women Leaders Network (WLN) er alþjóðleg hreyfing sem finnur, valdeflir, hjálpar og sendir út konur í leiðtogastöðum til að nýta hæfileika sína til fulls á áhrifasviði sínu.

Við viljum sjá konur leiða vel ásamt körlum og nota að fullu leiðtogahæfileikana sem Guð hefur gefið þeim í hans tilgangi. Hreyfingin starfar í yfir 20 löndum og í 24 fylkjum Bandaríkjanna og hefur þá hugsjón að sjá sameinað, alþjóðlegt tengslanet kvenna í leiðtogastöðum hafa umbreytandi áhrif á kirkjur sínar og nærsamfélag.

*Hvetjið því og uppbyggið hvert annað, eins og þið gerið.*

Fyrra Þessaloníkubréf 5:11

NÁNARI UPPLÝSINGAR: GLOBALLEADERSHIP.ORG/WOMENLEADERS










## Erwin Raphael McManus

Stofnandi The Arena Mastermind for Optimal Performance, MOSAIC, metsöluhöfundur

https://www.instagram.com/erwinmcmanus

## Um Erwin

Erwin Raphael McManus er verðlaunarithöfundur og listamaður. Bækur hans, sem hafa selst í yfir milljón eintaka, hafa verið þýddar á rúman tug tungumála. Hann nýtir sköpunargáfu sína í starfi sínu sem ráðgjafi hjá fjölbreyttum stofnunum, allt frá NFL til Pentagon. Síðustu 30 árin hefur McManus verið ráðgjafi og leiðbeinandi framkvæmdastjóra, atvinnuíþróttamanna, fyrirtækja með milljarða dollara veltu, háskóla og alþjóðlegra leiðtoga. Hann hefur ástríðu fyrir því að hjálpa fólki að yfirstíga innri takmarkanir sínar og opna fyrir einstaka hæfileika sína. McManus er upphaflega frá El Salvador en er einnig þekktur á alþjóðavísu sem stofnandi Mosaic, trúarhreyfingar frá Los Angeles sem hefur veitt milljónum einstaklinga um heim allan innblástur. McManus þjálfar leiðtoga, frumkvöðla og samskiptafólk um heim allan í gegnum The Arena og brautryðjendaverkefni sitt, The Art of Communication. Nýjasta bók hans, „The Seven Frequencies of Communication“, kom út í október 2024.

## SAMSKIPTATÍÐNIRNAR SJÖ

Til þess að eiga skilvirk og áhrifarík samskipti verða leiðtogar að kunna að tala á tíðni áheyrenda sinna. Erwin Raphael McManus segir okkur frá því hvernig við getum átt samskipti á hátt sem skapar sterka tengingu. Í þessum fyrirlestri lærum við um sjö samskiptatíðnir sem við notum í fjölskyldum okkar, á vinnustöðum og í samfélaginu. Við skoðum hvernig hver tíðni samanstendur af einstökum þáttum: styrkleika hennar, skuggahlið hennar og áhrif hennar á áheyrendur. Með því að læra að þekkja samskiptatíðni okkar getum við komist að því hvernig við náum til fólksins í kringum okkur, höfum áhrif á það og tengjumst því.

### YFIRLIT

- Hönnuð til að tengjast öðrum
- Tíðnirnar sjö
  - » hvetjarinn
  - » áskorandinn
  - » herforinginn
  - » græðarinn
  - » prófessorinn
  - » sjáandinn
  - » sérvitringurinn
- Sköpun veralda

# Erwin Raphael McManus

*„Heimurinn þarfnast þinnar raddar. Láttu í þér heyra.“*

**—ERWIN RAPHAEL McMANUS**

# UMRÆÐUSPURNINGAR

1. **AÐ LÆRA LAGSKIPTA HLUSTUN:** Erwin talar um samskipti við konuna sína sem snerust um að fara út með ruslið eða spila körfubolta. Hvenær hefur þú lent í aðstæðum þar sem manneskja sagði eitt við þig með orðum en orðlaus samskipti hennar sögðu annað?

2. **AÐ FINNA TÍÐNINA:** Erwin nefnir sjö aðalsamskiptatíðnir. Hvaða tíðni tengir þú mest við? Hugsaðu um vini þína og/eða samstarfsfólk. Hvaða tíðni myndir þú tengja við þau?

3. **AÐ TALA OG SKAPA LÍF:** Erwin endar á því að minna okkur á kraft orða okkar, að við getum skapað veraldir sem einkennast af ást, von og samþykki hvert í öðru í gegnum samskipti okkar. Segðu frá því þegar þú hefur séð einhvern tala von og ást inn í líf einhvers sem þurfti virkilega á því að halda. Hugsaðu um tengslanet þitt. Hver gæti þurft að heyra von og ást frá þér?

4. **VELDU AÐ GRÍPA TÆKIFÆRIÐ:** Hvaða hagnýta skref gætir þú tekið í framhaldi af þessum fyrirlestri og hvenær ætlar þú að taka það?

# Erwin Raphael McManus

**EIN STÆRSTA ÁSKORUN OKKAR ER AÐ STILLA INN Á TÍÐNI ANNARRA.**

Hvaða breytingar þarft þú að gera á samskiptum þínum til að skapa sterkari tengingu?


CONNECTION REQUIRES COMMUNICATION
BEYOND LANGUAGE
HUMAN FREQUENCIES
Humans listen in LAYERS
COMMUNICATION that TRANSCENDS WORDS
take out the OR PLAY
GLS 2024 DESIGN YOUR TOMORROW
@catherinetillydesign
FREQUENCIES of COMMUNICATION
1 THE MOTIVATOR INSPIRES ENCOURAGES
2 THE CHALLENGER GET UP and DO THE WORK!
3 THE COMMANDER in charge
4 THE HEALER THEY SEE INTO the SOUL
5 THE PROFESSOR SCIENCE and DATA and all the answers
KETCHUP YES SIR...
6 THE SEER brings vision and innovation
7 THE MAVEN CLARITY and PARADIGM SHIFTS
Erwin Raphael McMANUS
LAUNGUAGE
SPEAKING understanding
WHAT IF EVERYONE HEARD OUR THOUGHTS



## GUÐNI MÁR HARÐARSON

Sóknarprestur í Lindakirkju

## Um Guðna

Guðni Már Harðarson lauk embættisprófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og lauk síðar mastersprófi í predikunarfræði frá Luther Seminary í Minneappolis í Bandaríkjunum. Guðni Már hefur starfað sem prestur við Lindakirkju frá árinu 2008 og tekið þátt í að móta og leiða starf kirkjunnar sem er bæði fjölsótt og fjölbreytt. Starf Lindakirkju er framsækið og þar eru farnar ótroðnar slóðir til þess að koma boðskap kristninnar á framfæri eins og með nýjum þáttum í safnaðarstarfi auk þess að gefa út sjónvarpsþættina Daginn í dag sem vöktu miklar vinsældir hjá börnum og fullorðnum. Guðni Már á sæti á kirkjuþingi og situr í stjórn Hins íslenska Biblíufélags. Guðni Már er óforbetranlegur áhugamaður um starf kirkju og kristni.

**MÁTTUR SAMFÉLAGA**

# THE GLOBAL LEADERSHIP **HLAÐVARPIÐ!**

## Einlæg samtöl fyrir forvitna leiðtoga

Global Leadership-hlaðvarpið, sem er hannað fyrir forvitna leiðtoga eins og þig, færir þér áhugaverð samtöl við dýnamíska leiðtoga sem deila vangaveltum um leiðtogastarf sitt, m.a. gildi sín, mistök og ráðleggingar.



Michael Jr.



Erin Meyer



Patrick Lencioni



Liz Bohannon

Heyrðu frá gestum eins og Michael Jr., Erin Meyer, Patrick Lencioni og Liz Bohannon um efni eins og menningarsköpun, deiluúrlausn, þrautseigju og nýsköpun!

**BYRJAÐU AÐ HLUSTA NÚNA**

**GlobalLeadership.org/GLPodcast**

# LEADERSHIP **NOW**

## Mánaðarleg innsýn og viskuperlur um hlutverk leiðtogans

Fáðu innsýn og visku frá leiðtogahæfnisérfræðingum beint í innhólfið þitt, allt árið um kring. Í mánaðarlega „Leadership Now“-tölvupóstinum tökum við saman bestu hugmyndirnar, sögurnar og tólin á sviði leiðtogahæfni til að hjálpa þér að dafna sem leiðtogi. Fjárfestu í þér sem leiðtoga með innblæstri allt árið um kring!

**SKRÁÐU ÞIG NÚNA**

**GlobalLeadership.org/LeadershipNow**



# *Ummyndandi áhrif leiðtogaþjálfunar í Malaví*




Hátt uppi í sigdalnum mikla í Austur-Afríku liggur Malaví, land með 20 milljónir íbúa. Það er ríkt af náttúru og menningu en er þó eitt minnst þróaða land veraldar. Flestir íbúar landsins lifa undir fátæktarmörkum, 1,90 USD á dag, og spilling hefur haldið aftur af vexti landsins.

En leiðtogaþjálfun er að stuðla að umtalsverðum breytingum. Ein kirkja í Malaví hélt GLS-ráðstefnuna, sem leiddi til þess að hún varð staðráðin í að gera breytingar á samfélagi sínu. Með samvinnu fékk hún því framgengt að **barnahjónaband var bannað með lögum í Malaví.**

Áhrif GLS-ráðstefnunnar hafa náð alla leið til forseta Malaví, Lazarus Chakwera, sem hefur sjálfur farið þónokkrum sinnum á ráðstefnuna í heimalandi sínu. Tvö stærstu markmið hans eru að auka sjálfbærni Malaví og binda enda á spillingu yfirvalda.



Þetta er dýrt, flókið og ákaflega krefjandi verkefni. Þess vegna nýtir Chakwera GLS-ráðstefnuna til að sýna opinberu starfsfólki hvernig heilbrigðir og siðlegir leiðtogar líti út, svo hægt sé að vinna að markmiðum fæðuöryggis, atvinnusköpunar og auðsköpunar.

Þegar þú gefur til Global Leadership-þróunarsjóðsins ert þú að hafa áhrif á aðstæður eins og þessar!

## Vissir þú...

Global Leadership Network er sjálfseignarstofnun sem veitir efnaminni leiðtogum leiðtogaþjálfun allt árið um kring.

**Í gegnum Global Leadership Network getur þú boðið eftirfarandi hópum leiðtogaþjálfun:**

- Fólk í yfir 100 löndum
- Menn og konur í fangelsi
- Fólk í bráðabirgðahúsnæði, endurhæfingarmiðstöðvum og neyðarathvörfum
- Fórnarlömb mansals
- Konur í leiðtogastöðum um allan heim
- Næsta kynslóð leiðtoga

**JÁ! Ég vil veita efnaminni leiðtogum mikilvæga leiðtogaþjálfun!**

*Fjárfesting þín getur veitt efnaminni leiðtoga aðgang að fersku og hagnýtu leiðtogaefni á heimsmælikvarða.*

**www.klik.is/events/gls**

GLS.now

# HALTU ÁFRAM LEIÐTOGAFERÐALAGI ÞÍNU HVAR SEM ÞÚ ERT.

*Skoðaðu og streymdu fyrirlestrunum og aukaefninu í vafra, snjalltækjaappi eða snjallsjónvarpi..*




*Með GLS.now færðu aðgang að ferska og hagnýta efninu á heimsmælikvarða  sem GLS-ráðstefnan er þekkt fyrir.*

## HVAÐ ER INNIFALIÐ?

- Einstakur aðgangur að efni GLS
- Fyrirlestrar og viðtöl frá 2019, 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024 í seilingarfjarlægð
- Hljóð og texti á ýmsum tungumálum, t.d. ýmsir skjátextar á íslensku.
- Aukaefni eins og t.d. skýringarmyndir, umræðuspurningar og úrvinnslutól
- Skapandi innblástursefni frá GLS
- Fleiri leiðtogafyrirlestrar af öðrum Global Leadership Network-viðburðum
- Snjalltækjaöpp svo hægt sé að sækja efni og skoða það í snjalltæki
- Viðbótarefni sem hægt er að kaupa beint af vefsíðunni
- Mánaðarlegt efni úr handraðanum, aðeins fyrir notendur GLS.now

NÁNARI UPPLÝSINGAR
**glsnow.com**
**glni.org/glsnow**
**glsnow@globalleadership.org**

# Ímyndaðu þér

**leiðtogaþjálfunarupplifun í hæsta gæðaflokki sem þú getur fært teymi þínu, kirkju eða samfélagi.**
**Hugsaðu þér öruggt rými þar sem fólk getur fengið innblástur og undirbúning til að hafa áhrif þar sem það er.**

**VIÐ KYNNUM** GLS.x

**Allt sem þú þekkir og elskar við GLS-ráðstefnuna í fjórum 90 mínútna þáttum, á viðburði sem þú getur haldið!**

**HVAÐ ER INNIFALIÐ?**

- Fjórir heilir 90 mínútna þættir með áhrifaríkum GLS-fyrirlestrum, áhugaverðum umræðuspurningum og skapandi innblástursefni.
- Stílabækur og leiðbeiningar fyrir umsjónaraðila sem hjálpa þáttakendum að læra og fá sem mest út úr þáttunum.
- Aukaefni eins og markaðssetningarsniðmát, leiðbeiningar til að flýta fyrir uppsetningu, dagskrá o.fl.

**HVERNIG VIRKAR ÞETTA?**

- Öllum þáttum er streymt af vettvangi GLS.now.
- Leyfi til þess að halda GLS.x-viðburði gilda í þrjá mánuði.
- Staðfesta þarf samþykki á reglum GLN með því að undirrita leyfissamning.
- Upplifunin er hönnuð fyrir hóp 10-150 þátttakenda.

NÚ FÁANLEGT
**Frumkvöðlaútgáfa**
Bættu leiðtogahæfni þína sem frumkvöðull!




Nánari upplýsingar
**glni.org/glsx**
**glsx@globalleadership.org**





## Arthur C. Brooks

Prófessor við Harvard, metsöluhöfundur

https://x.com/arthurbrooks
https://www.instagram.com/arthurcbrooks
https://www.facebook.com/ArthurBrooks
https://www.linkedin.com/in/arthur-c-brooks/

## Um Arthur

Arthur C. Brooks gegnir stöðu „Parker Gilbert Montgomery Professor of the Practice of Public and Nonprofit Leadership“ við Harvard Kennedy School og stöðu „Professor of Management Practice“ við Harvard Business School, þar sem hann kennir um leiðtogahæfni og hamingju. Hann er einnig dálkahöfundur hjá The Atlantic, þar sem hann skrifar vinsælan dálk sem ber heitið „How to Build a Life“. Brooks hefur skrifað 13 bækur, m.a. „Build the Life You Want: The Art and Science of Getting Happier“, sem hann skrifaði með Oprah Winfrey og komst í fyrsta sæti metsölulista New York Times árið 2023, og „From Strength to Strength: Finding Success, Happiness, and Deep Purpose in the Second Half of Life“, sem komst í fyrsta sæti metsölulista New York Times árið 2022. Hann flytur fyrirlestra fyrir áheyrendur um allan heim um mannlega hamingju og vinnur að aukinni velferð innan einkafyrirtækja, háskóla, ríkisstofnana og samfélagslegra stofnana.

## AUKIN HAMINGJA Í ÓHAMINGJUSÖMUM HEIMI

Það er auðvelt að missa móðinn þegar einmanaleiki fer vaxandi, það verður sífellt erfiðara að mynda tengsl og mörg lönd finna fyrir vaxandi klofningi og menningu sem einkennist af fyrirlitningu. Áhrifin leyna sér ekki: hamingja fer minnkandi í næstum öllum löndum. Arthur Brooks fer yfir skýra áætlun til lausnar á þessum vanda og veitir okkur hagnýt tól sem við getum notað til að sporna gegn þessum straumum með því að skoða grunnatriði hamingjuvísinda, ástunda þau daglega og deila þeim með öðrum.

### YFIRLIT

- Skilgreining á hamingju
  - » Skemmtun
  - » Ánægja
  - » Merking
- Ávanar hamingjusamasta fólksins
  - » Trú
  - » Fjölskylda
  - » Vinir
  - » Innihaldsrík vinna
- Sársaukafullur heimur
- Að elska meira

> *„Við getum leitt á þann hátt sem við vildum sjá hjá opinberum aðilum í okkar landi.“*
>
> **—ARTHUR C. BROOKS**

# UMRÆÐUSPURNINGAR

1. **HAMINGJUVINNA:** Arthur nefnir þrjú undirstöðunæringarefni hamingjunnar. Hvert þessara efna skortir þig mest?

2. **ÁSTUNDUN HAMINGJUÁVANA:** Til þess að við upplifum meiri hamingju leggur Arthur til að við ræktum fjögur svið: trú, fjölskyldu, vini og innihaldsríka vinnu. Hvaða einkunn myndir þú gefa þér á skalanum 1 til 5 á þessum sviðum? (1 = gengur alls ekki vel, 5 = gengur mjög vel)

**Trú**

1 2 3 4 5
gengur ekki vel — gengur vel

**Fjölskylda**

1 2 3 4 5
gengur ekki vel — gengur vel

**Vinir**

1 2 3 4 5
gengur ekki vel — gengur vel

**Innihaldsrík vinna**

1 2 3 4 5
gengur ekki vel — gengur vel

3. **STRÍÐSYFIRLÝSING Á HENDUR FYRIRLITNINGUNNI:** Það lítur allt út fyrir að heimurinn sé að verða óhamingjusamari og að við séum að sjá aukningu á því sem Arthur kallar fyrirlitningu, sem samanstendur af tveimur þáttum: reiði og andúð. Til þess að vinna á móti fyrirlitningunni segir Arthur að við verðum að ganga lengra en að sýna bara umburðarlyndi og kurteisi – við verðum að bregðast við kallinu til að „elska óvini okkar“. Hann skilgreinir kærleik sem það að „vilja öðrum vel“. Hvaða hóp (eða einstakling) skorar þessi fyrirlestur á þig að sýna kærleik? Hvernig myndi það líta út að „vilja þeim vel“?

4. **VELDU AÐ GRÍPA TÆKIFÆRIÐ:** Hvaða eina skref gætir þú tekið í framhaldi af fyrirlestri Arthurs til að auka hamingju þína? Hvaða eina skref gætir þú tekið í framhaldi af fyrirlestrinum til að segja fyrirlitningu stríð á hendur?

## TAKTU NÆSTA SKREF.

**Hvað lærðirðu helst af fyrirlestri Arthurs?**


the SCIENCE of HAPPINESS
(NOT a FEELING)
the WORLD today...
• SCREENS...
• CORONAVIRUS...
• HATE: NOT ANGER
DISGUST
CONTEMPT
GETTING happier IN AN UNHAPPY WORLD
MICRONUTRIENTS OF THE HAPPINESS DIET
1 ENJOYMENT
PLEASURE + PEOPLE + MEMORY
2 SATISFACTION
JOY AFTER STRUGGLE
3 MEANING
THE WHY
COHERENCE + PURPOSE + SIGNIFICANCE
CAN'T GET NO...
BECAUSE IT'S IMPERMANENT...
PAIN
SUFFERING
ACHIEVEMENT
HAVES
WANTS
LOVE YOUR ENEMIES
CHANGE THE WORLD
STAND UP TO THE MAN
BECOME A MISSIONARY
DON'T GO IT ALONE
the HABITS
1 FAITH the path away from myself
2 FAMILY BIOLOGICAL LINK to SELF
3 FRIENDS USELESS not WORTHLESS
4 WORK EARN thru MERIT
SERVE OTHERS
QUIZ...
1 WHY WERE YOU BORN?
2 WHAT WOULD YOU GIVE YOUR LIFE FOR?
GLS 2024 DESIGN YOUR TOMORROW
@catherinetillydesign
Arthur C. BROOKS



*„Alla mina ævi hef ég íhugað fjarlæg áhrif og alltaf fórnað skammtímaárangri og -lofi fyrir langtímaárangur og -lof.“*

**—FREDERICK LAW OLMSTED**

"**HÆSTA** *köllun leiðtogans er að leysa úr læðingi það sem býr í öðrum.*"

—CARLY FIORINA



**DEILDU LEIÐTOGAINNBLÆSTRI ÞÍNUM OG -SÖGUM Á SAMFÉLAGSMIÐLUM: #GLS24 @GLNI.ME**



**DEILDU LEIÐTOGAINNBLÆSTRI ÞÍNUM OG -SÖGUM Á SAMFÉLAGSMIÐLUM: #GLS24 @glni.me**



**DEILDU LEIÐTOGAINNBLÆSTRI ÞÍNUM OG -SÖGUM Á SAMFÉLAGSMIÐLUM: #GLS24 @glni.me**

# TIL *íhugunar*

**Hvaða leiðtogum dáist ég mest að og af hverju?**

**Hvað hefur nýlega vakið mig til umhugsunar sem ég þarf að hafa í huga?**

**Hvað hef ég heyrt sem ég þarf að kynna mér nánar?**

**Hvaða spurningar komu upp sem ég þarf að finna svör við?**

# VIÐBRÖGÐ *mín*

**Hvað upplifði ég sem veitti mér innblástur?**

**Hvað var sagt sem ég var ósammála?**

**Hvaða upplifun veitti mér gleði?**

**Hvað er það í umhverfi mínu sem vekur hjá mér sorg eða reiði?**

**Hvaða fyrirlesara tengdi ég mest við og af hverju?**

# LEIÐTOGAHÆFNI *mín*

**Hvað er einn styrkleiki hjá mér?**

**Hvað er einn veikleiki hjá mér?**

**Hvað er eitt atriði sem ég gæti bætt í leiðtogahæfni minni?**

**Hvað er á leiðtogagátlistanum mínum?**

# SAMBÖNDIN *mín*

**Á hvaða sviði myndi samstarfsfólk mitt, eða yfirmaður minn, vilja sjá mig vaxa?**

**Hvað myndi nánasti vinur minn segja mér um mig?**

**Hverju myndi fjölskylda mín vilja sjá mig vinna í?**

**Hverju vil ég breyta í samskiptum mínum við aðra?**

**Eitt atriði af GLS24 sem ég vil vinna í:**

# THE GLOBAL LEADERSHIP SUMMIT

*Leiddu þar sem þú ert*

## FYRIRLESARAR #GLS25




Við hlökkum til að sjá þig aftur á GLS-ráðstefnunni á næsta ári. Hún breytir lífi þátttakenda, veitir þeim innblástur, leiðir af sér áhrifaríkar aðgerðir og veitir fólki styrk til að leiða þar sem það er!

**Grand Hótel 7. nóvember 2025**
**www.gls.is**

*Kæri leiðtogi,*

**MUNDU ÞETTA ÞEGAR ÞÚ LOKAR ÞESSARI BÓK:**

*Þú getur mótað heim morgundagsins.*

*Þú getur gert hann betri en heim dagsins í dag.*

**VILT ÞÚ MIÐLA ÁFRAM ÞJÁLFUNINNI OG INNBLÆSTRINUM SEM ÞÚ FÉKKST?**
**VILT ÞÚ** *gefa leiðtogaþjálfun* **ÞEIM SEM HEFÐU ANNARS EKKI AÐGANG AÐ HENNI?**

*Já! Ég vil veita efnaminni leiðtoga úrræði:*

www.klik.is/events/gls



# Innblástur & undirbúningur

Global
Leadership
Network

www.gls.is
gls@gls.is

glsisland gls_iceland